

16. febrúar 2021

Til: Byggðarráðs Dalabyggðar

Efni: Áskorun til byggðarráðs vegna breytinga á reglugerð um um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara sem starfa án samnings við Sjúkratryggingar Íslands

Góðan daginn.

Undirrituð vilja lýsa yfir áhyggjum af ákvörðun heilbrigðisyfirvalda um að setja strangari skilyrði fyrir niðurgreiðslu sjúkraþjálfunar.

Reglugerð um endurgreiðslu kostnaðar vegna þjónustu sjálfstætt starfandi sjúkraþjálfara var breytt í lok árs 2020 og þar sett inn að nýútskrifaðir sjúkraþjálfarar þurfi að vinna í að minnsta kosti tvö ár eftir löggildingu í minnst 80% starfshlutfalli áður en þeir fá samþykkt greiðsluþáttöku frá ríkinu.

Þetta þýðir að aðilar sem leita til nýútskrifaðra sjúkraþjálfara sem starfa utan heilbrigðisstofnana geta ekki fengið niðurgreiðslu hjá Sjúkratryggingum Íslands. Breytingin dregur þannig mjög úr atvinnutækifærum nýútskrifaðra sjúkraþjálfara.

Telja undirrituð að þarna sé um mikið hagsmunamál að ræða fyrir Dalabyggð. Í dag er enginn sjúkraþjálfari með starfsemi í sveitarféluginu og þurfa íbúar að sækja sér þjónustuna í öðrum sveitarfélögum. Biðlistar eftir sjúkraþjálfun á Íslandi eru langir og hefur það einnig haft áhrif á íbúa Dalabyggðar sem bíða eftir að komast að í þjálfun. Eins og segir í reglugerðinni er þjálfun nauðsynlegur liður í að greina og meðhöndla vandamál sem orsaka skerðingu á færni og nauðsynlegur liður í endurhæfingu eða til að fyrirbyggja frekari færniskerðingu vegna fötlunar, frávika í eðlilegum þroska, langvinnra sjúkdóma eða í kjölfar aðgerða, veikinda og slysa.

Miklar vonir hafa verið bundnar við þann möguleika að fá nýútskrifaða sjúkraþjálfara til starfa í sveitarféluginu. Með breytingunni er verulega vegið að þeim möguleika bæði í Dalabyggð sem og á landsbyggðinni allri. Ekki síst þar sem breytingarnar ná líka til nemenda sem eru þegar byrjaðir í sjúkraþjálfaranámi.

Þá telja undirrituð að Dalabyggð eigi að láta sig málið varða ekki síst svo að breytingar á þessa vegu verði ekki að stefnu sem geti einnig hamlað öðrum atvinnugreinum. Í Dalabyggð er fólksfækkun og því má það ekki verða að stefnu stjórnvalda að hamla möguleikum ungs fólks á að snúa aftur heim eftir nám og stunda þar atvinnu, jafnvel eftir að viðkomandi hefur hlotið löggildingu á sínu sviði.

Undirrituð skora á byggðarráð Dalabyggðar að láta sig málið varða og hvetja stjórnvöld til að draga breytinguna til baka eða finna lausn á málínunum sem bitnar ekki á landsbyggðinni og tækifærum til bættrar þjónustu og betra aðgengis að heilbrigðisþjónustu.

Virðingarfyllst,

Johanna M. Sigmundsdóttir
Georbi - Þóleunarsdóttir
Jón Eyjolf Jónasson

Theidru Þóleunarsdóttir